



# CQ TF



## 5. tölublað 15. árgangur desember 1997

CQ TF er félagsblað ÍRA sem er landsfélag Íslenskra Radíóamatöra.

ÍRA er hin Íslenska deild í alþjóðasamtökum radíóamatöra I.A.R.U. Region 1 og norrænu samtökunum N.R.A.U.

Helstu markmið félagsins eru:

- Gæta hagsmuna radíóamatöra í hvívetna.
- Efla kynningu og samstarf meðal radíóamatöra innanlands og utan.
- Stuðla að færni félagsmanna og góðum venjum í radíóviðskiptum.
- Hvetja til viðbúnaðar sem mætti gagnast í neyðarfjarskiptum.
- Efla amatörradíó sem leið til sjálfsþjálfunar á tæknisviðinu.
- Hvetja til tæknilegra og vísindalegra rannsókna og uppgötvana á sviði radíófjarskipta.
- Örva radíófróttir meðal radíóamatöra.
- Þróa amatörradíóþjónustuna sem verðmæta þjóðarauðlind.
- Stuðla að öflugri æskulýðsstarfsemi og kynningu á amatörradíói meðal ungs fólks.

Í stjórn ÍRA 1997-1998 eru:

Formaður:

Haraldur Þórðarson TF3HP

Varaformaður:

Sveinbjörn Jónsson TF3VET

Ritari:

Ársæll Óskarsson TF3AOT

Gjaldkeri:

Guðjón H. Egilsson TF3WOT

Spjaldskrárritari:

Bjarni Sverrisson TF3GB

Varamaður:

Ásbjörn Harðarson TF3LA

Varamaður:

Friðrik Kristjánsson TF3FK

### Endurvarpi á Vaðlaheiði.

Í lok ágúst mætti vaskur hópur amatöra að sunnan til uppsetningar á loftneti fyrir endurvarpa á Vaðlaheiði.

Endurvarpinn, sem mun heita Tóti til minningar um TF5TP, mun væntanlega fara upp næsta vor.

Á myndinni eru TF3TXT að ofan og TF3HKT að klifra.

Myndina á TF3TXT



### Meðal efnis í þessu blaði:

<b>Frá formanni .....</b>	<b>2</b>
<b>Fundargerðir stjórnarfunda .....</b>	<b>3</b>
<b>DX-Hornið .....</b>	<b>4</b>
<b>Internetið og amatörradíó .....</b>	<b>6</b>
<b>TF-ZL-VK skilyrði .....</b>	<b>8</b>
<b>CW .....</b>	<b>9</b>
<b>Loftnet fyrir endurvarpann Tóta .....</b>	<b>10</b>
<b>Gerðu þínar eigin prentplötur .....</b>	<b>12</b>
<b>Fundargerð félagsfundar 12.10.97 .....</b>	<b>13</b>
<b>Úr ýmsum áttum .....</b>	<b>15</b>

ÍRA hefur félagsaðstöðu í félagsmiðstöðinni Próttheimum Holtavegi 11 Reykjavík og eru fundir á hverju fimmtudagskvöldi. Póstfang ÍRA er: Íslenskir Radíóamatörar, Pósthólf 1058, 121 Reykjavík. ÍRA er með talhólf símanúmer þess er 881 2158 ÍRA er með heimasíðu á internetinu og er slóðin þangað <http://www.nett.is/~tf5bw/ira/ira.html> þar er að finna ýmsar upplýsingar um félagið, amatörradíó og netútgáfu af CQ TF. Ritstjóri CQ TF er Brynjólfur Jónsson TF5BW.

## Frá formanni

### Um reglugerðina.

Hvers vegna að breyta reglugerð um radióamatöra og hvers vegna að leggja vinnu í hana? Vissulega er þetta góð reglugerð og væn fyrir okkur og flest í henni hefur staðist tímans tönn.

Eins og ég sagði í inngangi að umræðufundinum í Próttheimum er þörf á orðalagsbreytingum en slíkt ætti ekki að valda neinum vandræðum. Að breyta reglugerðinni hvað varðar starfsleyfið er vandaverk,

og ekki hlaupið að því í einhverju hasti. En hverju á að breyta, og hverjar verða afleiðingarnar fyrir okkur hvað varðar leyfi til að nota okkar leyfi erlendis? Við getum til dæmis athugað hvort við fengjum að nota



Frá félagsfundinum 12. október 1997. Myndina tók TF5BW

HF-ið ef við gerðum minni kröfur um morse kunnáttu heldur en þær þjóðir sem standa okkur næst og við lítum til hvað varðar reglugerðina. Eða hvað með þá sem hingað koma og hafa fullgild leyfi í sínu heimalandi, sem gerir minni kröfur en við. Ég heyrði að í OZ-landi væri morse hraðinn 25 stafir á mínútu. Gerum við þá kröfu um að Danir getir ekki fengið nema T leyfi eða nýliðaleyfi? Gallinn við þetta er sá að þeir Danir sem hingað koma þurfa ekki að láta okkur vita, ætli þeir að notfæra sér CEPT samkomulagið en æ fleiri þjóðir gerast nú aðilar að því samkomu-lagi.

Er nokkur þörf á að breyta reglugerðinni hvað varða hámarksafll, eða ætti að færa reglugerðina til baka hvað varðar C-leyfið. Ég veit ekki hvenær reglugerðinni var breytt í þá veru að taka skuli sérstakt próf til að öðlast C-leyfi. Vissulega veit ég að alltaf verða slys af völdum háspennu en þau verða hvort heldur sem menn hafa tekið C-próf eða ekki. Hvers vegna eru gerðar kröfur um meiri cw kunnáttu? Með þessu er ég ekki að segja að við ættum að færa reglugerðina til baka hvað þetta varðar en þetta eru sjónarmið og spurningar sem

ég fékk að heyra fyrir fundinn. Hitt veit ég að það sem félagið hefur vanrækt að öllu leiti er að við höfum ekki haldið nein námskeið til þess að gera mönnum fært að taka þessi próf.

Varðandi “nýliðun” í félaginu er það áberandi hvað lítið af unglingum hefur sótt á okkur. Hvað getum við gert til þess að laða þá að okkur. Breyta reglugerðinni þannig að þeir geti notað tölvur á sínum tíðnum, eða nýjar tíðnir fyrir þá til dæmis VHF fyrir data sendingar. Er annars ekki í lagi að þær væru á

RTTY á 80 metrum eða 15 metrum? Hvað með gervitungla viðskipti á 10 metrum? Gætum við ekki hugsað okkur 10 metra bandið til þess að þeir amatörar sem hafa takmörkuð leyfi, það er N og T, geti talað þar saman en það gæti ýtt undir áhuga þeirra og komið í veg fyrir að þeir misstu áhugann og hættu.

Hverjar sem niðurstöðurnar verða úr þessum umræðum verðum við að vera vissir um að þær þjóni okkur öllum og verði til bóta en ekki til tjóns og að við verðum sjálf sátta við þær. Prófanefnd ÍRA hefur þegar hafið störf að þessu máli og þegar aflað sér upplýsinga víða að og er það von okkar að þeir geti lagt fram á næsta aðalfundi hugmyndir sínar um málið.

**Refaveiðar** voru haldnar samkvæmt áætlun. Umsón hafði TF3VET og hafði hann falið rebba við Húsdýragarðinn í Laugardalnum. Þátttakendur voru í færra lagi en þar mættu nokkrir pabbar með börnin sín sem tóku þátt í leiknum með mikilli ánægju. Refakóngur varð Róbert TF3RBT og samkvæmt hefðinni verður hann næsti umsjónarmaður. Við þökkum Radióskátum fyrir lánið á rebba og viðtækjum.

# Fundargerðir stjórnarfunda

## Stjórnarfundur 3. September 1997.

Stjórnarfundur haldinn á heimili TF3HP og hófst hann kl. 20.30. Mættir voru TF3HP, TF3VET, TF3AOT, TF3GB og TF3WOT.

TF3VET kom með eyðublöð sem hann hafði endurhannað fyrir umsókn í ÍRA svo og umsókn um radióleyfi. Þá kom fram bréf frá ungum mönnum í Vestmannaeyjum með ósk um A/T próf og námskeið.

AOT sagðist vilja halda þeirri venju á stjórnarfundum að lesa upp fundargerð síðasta stjórnarfundar.

WOT hafði farið yfir skil á félagsgjöldum og sagði að 50-60 hefðu þegar greitt félagsgjöldin. Lögð yrði áhersla á að yta við þeim sem ennþá skulda. GB fær lista frá WOT yfir þá sem hafa fengið rukkun. Á áætlun er að hringja í þá sem ennþá skulda eldri árgjöld.

TF3HP sagði frá þeirri löngun sinni að kalla saman fund með elstu amatörum sem við vitum um og fá þá til frásagnar úr gamla tímanum.

AOT sagði frá árangri ferðar á Vaðlaheiði og hvað prófanir leiddu í ljós. HP sagði frá því að "Páll" hafi verið tekinn niður og HKT væri með "sjúklinginn". TF3LJ mun fara yfir 2ja metra "beaconinn" og til stendur að setja hann upp á Vaðlaheiði. Beint til AOT að hann sækir um leyfi fyrir uppsetningu hans þar, til Póst og Fjarskiptastofnunar.

WOT sagði frá því að nokkrir menn hefðu talað sig saman um að kaupa nýjan endurvarpa. Þegar hefðu borist "hlutafjárloforð" fyrir 20.000 kr.

Varðandi "Búra" þá hafði TF3GW talað við TF3GG um færslu á loftnetinu, og verður það fljótlega fært um ca. 1 metra frá turninum.

VET talaði um félagsfund 11. október. Stakk hann uppá þema fundarins sem: HF mál klúbbstöðvar ÍRA.

Varðandi leyfi LA6IM þá sér GB ekki neitt sem hamlar gegn því að hann fái C-leyfi. Sjá nánar c-lið 13. greinar Reglna um radióleyfi áhugamanna.

Beint til AOT að hann skrifi staðlað bréf til félaga í nágrannalöndum okkar og fá að vita á hvaða hátt leyfisúthlutunum eins og til LA6IM sé háttað.

AOT lagði til að VHF stöðin sem félagið á, og er staðsett núna í Iðnskólanum, verði flutt í Þróttheimi. Eina radiódagbókin sem hefur borist eftir útileikana um verslunarmannahelgina, er frá LA0BX, en eftir

er að yfirfara hana. GB tekur að sér að fara yfir hana.

Fundi slitið kl. 22.40.

Fundargerð ritaði TF3AOT

## Stjórnarfundur 1. október 1997.

Stjórnarfundur haldinn á heimili TF3HP. Mættir voru TF3HP, TF3VET, TF3GB, TF3AOT og TF3WOT kom skömmu síðar.

AOT sagði frá afgreiðslu á 2 "reciprocal" leyfum. Þar hafði annar umsækjanda "Extra Class" leyfi frá USA. AOT hafði afgreitt hann samkvæmt hefð með B-leyfi. GB sagði í framhaldi af því að TF stöðvar fengju allt að "Extra Class" leyfi, ef þeir heimsæktu USA. Lagði GB til að ARRL yrði skrifað og fengið álit á "Truly Reciprocal Licence".

HP lagði til að haldið verði jólakaffi í boði félagsins, einhverja helgi í Desember. Keypt verði vegleg terta og lagt að þeim sem telji sér fært, að þeir megi leggja til eitthvað "bakkelsi" líka. Boðist verði til að sækja þá sem eldri eru, og ekki eiga hægt um vik að koma á fagnaðinn. Þá var einnig minnst á rétt þætti að bjóða tengiliðum okkar í Póst og Fjarskiptastofnun á samkomuna. Tilkynning um jólakaffið verði send út um miðjan nóvember.

Kom fram að þar sem vita má að eldri menn séu ekki fimir til loftnetsuppsetninga, kom til umræðu að bjóða fram aðstoð yngri félagsmanna til slíkra uppsetninga.

AOT las upp fundargerð síðasta fundar.

AOT ætlar að hafa samband við TF3US og athuga hvort hann muni eftir bréfi því sem talið er að félaginu hafi borist um uppsögn á leigu á húsinu við Rauðavatn.

VET talaði um merki og flögg, sem lofað hafði verið að gert yrði eitthvað í á síðasta aðalfundi. Rætt var fram og aftur um hvað væri mögulegt í þessum málum og ætlar VET að taka að sér að kanna málið, svo sem kostnað o.fl.

Varðandi fundinn 11. október. Hugmyndir um þema sem HF mál hafði þegar komið fram. HP lagði til að skipt verði um þema og rætt verði um: Reglugerðarmál. T.d. gæti þar komið upp í samræðum hvort menn vilji að kröfur um morse verði aflagðar.

Fundi slitið kl. 23.00

Fundargerð ritaði TF3AOT

## DX-Hornið

### Fróðleiksmolar

Formaðurinn, TF3HP, stakk því að mér á dögnum, að skýringar á ýmsu sem varðar skilyrði til DX-sambanda væru vel þegnar. Mér hafði áður dottið í hug að lauma slíkum fróðleiksmolum í DX-hornið, ekki síst þegar lítið er að fréttu af böndunum. Geri tilraun til þess nú.

Hvað merkir sólblettatalan (*sunspot number*)?

Í upphafi voru einfaldlega taldir þeir sólblettir sem sáust í frumstæðum sjónaukum, en um miðja síðustu öld setti svissneska athugunarstöðin fram skilgreiningu á sólblettatölu sem enn er í gildi. Þar er gert ráð fyrir að áhrif bletta séu meiri ef þeir liggja margir saman, svo talan ræðst af fjölda bletta að viðbættum tíöldum fjölda þyrpinga. Óneitanlega fer það eftir ágæti sjónaukans, athugandanum og aðstæðum á hverjum stað hvað menn telja sig sjá. Því er fundinn leiðréttingarstuðull sem gefur best samræmi við athuganir sem hafa fest sig í sessi og margfaldað með honum.

Sólblettatalan er því ekki óyggjandi fjöldi sólbletta, þó lítt saki að líta svo á í lauslegri umfjöllun.

Mikillar óreglu gætir í sólblettatölunni frá degi til dags, svo nauðsynlegt er að nota meðaltal yfir nokkurn tíma til að ráða í samhengi hennar og skilyrða. Þannig tíðkast að gefa út mánaðarlegt meðaltal. Þá eru enn verulegar sveiflur eins og sjá má á 1. mynd. Endanleg útjöfnuð sólblettatala hvers mánaðar (smoothed sunspot number) er loks fengin með því að taka meðaltal sem nær 6 mánuði til baka og 6 mánuði fram, frá miðjum viðkomandi mánuði talið. Þetta er talan sem venjulega er notuð í umfjöllun um sólblettalotuna og áhrif hennar á skilyrðin. Þegar sólblettasveiflan er sýnd, eins og á 2. mynd, er um þetta útjafnaða gildi að ræða. Þessi aðferð skýrir hvers vegna umfjöllun um þróun sólbletta á hverjum tíma er jafnan bundin nokkrum fyrirvara, t.d. er ekki hægt að reikna endanlega tölu júnímánaðar fyrir en í árslok.

Myndirnar eru fengnar að láni úr *The New Shortwave Propagation Handbook*, eftir W3ASK, N4XX og K6GKU.

### ZL-TF skilyrði

Núna er að líða 3. sumarið sem svo háttar til, að mér virðist sem ganga megi að ZL vísu á hverjum degi milli kl. 06:30 og 07:00 á 20 m. Hins vegar detta skilyrðin alveg út yfir veturinn. Sólblettalotan er í lágmarki um þessar mundir svo þetta er býsna athyglisvert. Einmitt það virðist ráða því hvað þessi sambönd eru stöðug, þegar blettanna naut við sveifluðust skilyrðin meira og hurfu oft samfara segultruflunum.

Ég hef haldið uppi vikulegum skedd við ZL1TG í Rotorua undanfarin 6 ár. Í fyrrasumar var stöðugt samband til 23/8. 6/9 heyrði ég hann en hann ekki mig. Þannig varð ég var við hann af og til fram á vetur, en dugði ekki til að hafa QSO. Það var ekki fyrir en 4/4 á þessu ári að við náðum stuttu QSO, og ekki aftur fyrir en 2/5. Eftir það hefur enginn skedd brugðist þegar þetta er ritað 24/8, þ.e. í nærri 4 mánuði. Að vísu var ég fjarverandi 3 vikur í byrjun júní, en á móti kemur að við höfum oftast bætt næsta degi við, þ.e. reynt 2-svar í viku með jafnöruggum árangri.

Síðari hluta sumars kom ZL3RG í Christchurch líka inn í myndina, við höfum haft allmarga skedda sem allir hafa gengið eftir. Það var ekki síst vegna daglegra sambanda við hann sumarið 1995, að ég fór að velta því fyrir mér hvort svona áreiðanleg sumarskilyrði í sólblettalágmarki væru staðreynd á milli ZL og TF. Þá hafði hann m.a. talsamband við TF3T/M. Annars eru fáir aðrir ZL sem slæðast inn, svo virðist sem þeir hafi almennt ekki trú á að að hlusta eftir DX á þessum tíma dags nú þegar sólblettir eru í lágmarki.


Svo virðist sem skilyrðin nái ekki til suðurenda Nýja-Sjálands, ZL4IE í Dunedin kemur ekki inn nema e.t.v. 1 sinni á ári síðan sólblettirnir féllu. Reyndar höfum við aldrei haft reglegan skedd, en hann er vanur að vera eins og grár köttur á CW böndunum og hefur trúlega haft flest ZL-sambönd við mig næst á eftir ZL1TG. Sama á við um VK7FJ á Tasmaníu, við höfum sjaldan náð saman að gagni undanfarin 2 - 3 ár þrátt fyrir vikulega skedda.

Hins vegar held ég að þessi skilyrði nái í hina áttina út á Kyrrahafið, 3D2PN á Fíji hefur gefið mér 589


dag eftir dag undanfarið milli kl. 7 og 8. Reyndar finnst mér hann hafa liðugan S-mæli, en sam-bandið er alltaf nógu gott fyrir pottþétt spjall á góðum hraða. Hann er reyndar að snúa heim til Finnlands í dag (24/8). Þetta er 3. sumarið í röð sem hann ferðast um á þessum slóðum, og hefur haft mörg sambönd við mig, m.a. frá ZK1, ZK2, A35, 3D2 og núna nýlega FW5, sem er Wallis Island og nýtt land

fyrir mig. Hann segir oft að ég sé besta og stundum eina merkið frá Evrópu, sem rennir enn frekari stoðum undir kenninguna um áreiðanlegt ástand í háloftunum sem gefur okkur þessi sumar-skilyrði til miðbiks Kyrrahafsins. Loks má geta þess að Hawaii heyrir gjarnan ágætlega á svipuðum tíma.

73 de TF3DX



1. mynd. 22 lota sólblettasveiflurnar. Heildregna línan sýnir mánaðarmeðaltal en sú brotna ársmeðaltal með miðju í viðkomandi mánuði.



2. mynd. Allar skráðar sólblettalotur frá upphafi með 12 mánaða útjöfnun eins og brotna línán á fyrstu mynd.

## Internetið og amatörradíó

Kunningjarnir brugðust misjafnlega við þegar þeir fréttu að ég væri kominn í radióið. Margir voru mest hissa á að ég væri ekki fyrir löngu búinn að demba mér í þetta, búinn að vera fiktandi með lóðboltanum síðan um fermingu. Sumir héldu að þar með þyrfti ég hvorki að snerta símtól framur á ævinni né skrifa tölvupóst heldur færu öll mín samskipti við umheiminn þaðan í frá um loftið. En einn varð þó mest hissa og sagði sem svo: “Er þetta ekki steindautt hobbí? Ég hélt að allir með þessar tilhneigingar væru komnir yfir á spjallrásirnar á internetinu”?

Þetta vakti mig til umhugsunar um greinar sem ég var nýbúinn að lesa um nýliðun í hópi radióamatöra, t.d. er sagt að í Bandaríkjunum sé fækkunin svo mikil (15% á ári halda þeir svartsýnustu) að ef svo fer sem horfir verða engir amatørar eftir, löngu fyrir miðja næstu öld. Mér kom þó á óvart að menn skyldu tengja hrunið í amatörastofninum við uppgang internetsins, en ég hef rökstuddan grun um að það sé miklu fyrr sem hrunið byrji, enda fjölmörg félög áhugamanna af ýmsu tagi sem standa frammi fyrir sama vanda og við. Þvert á móti hafði ég þá trú að internetið styrkti amatörana ef eitthvað væri.

Þegar ég fór að kynna mér hina ýmsu kima radiósins var netið eitt fyrsta hjálpartækið sem ég leitaði í og komst strax að því að þar var yfrið magn af efni til staðar og fer ört vaxandi. Ég ætla hér á eftir að gera veikburða tilraun til að gefa yfirlit yfir hvað helst er að sækja á netið og hvert leita má til að finna það.

### Hvar er efni að finna?

Til þess að sækja efni á netið eru þrjár aðferðir algengastar, eða: a) **fyrirfram þekktir staðir**, b) **stökkpallar** og c) **leitarforrit**.

Algengt er að sjá í tímaritagreinum og auglýsingum tilvísanir í netið og er þá gefin upp slóð að tilteknu efni. Þá er ætlast til að þeir sem vilji komast í efnið, annað hvort til að lesa það eða sækja á sína tölvu, slái slóðina inn í þar til ætlaða línu í netforritinu sem þeir nota og þá á efnið að birtast á skjánum.


Það er mikilvægt að menn hafi í huga að netið er ekki ein skepna heldur margar og er aðgangur að því misjafn eftir því hver vistar efnið. Það sem skiptir mestu máli fyrir okkur amatörana eru annarsvegar hið

svokallaða ftp og hinsvegar veraldarvefurinn, www. Munurinn er auðþekktur á slóðinni því þessi kenni koma fram í henni, en framsetningin er einnig mismunandi, ftp-ið er líkt og að fletta í símaskrá, þar er efnisyfirlit sem kemur á skjáinn með undirdeildum og skýringatextum, en www-ið eða vefurinn er líkt og að skoða myndabók, það er aldrei að vita fyrirfram hvað kemur á skjáinn og getur verið texti, myndir, jafnvel hljóð og hreyfimyndir. Vefskoðarar (t.d. Netscape og Microsoft Internet Explorer) geta farið inn á ftp-þjóna, en ftp-flettiforrit geta ekki farið á vefsíður.

Ef menn vilja finna eitthvert efni, en vita ekki hvar það er að finna og einnig ef menn vilja kanna hvað leynist á vefnum eru hinar tvær aðgangsleiðirnar algengastar.

Margir áhugamenn um netið gera lista yfir það sem þeim finnst áhugavert og birta það á heimasíðum sínum. Þá virka þær síður sem einskonar stökkpallar, menn fara að þekkja þá sem hafa svipuð áhugamál og smekk og maður sjálfur og fer þá gjarnan á þær síður til þess eins að stökkva af þeim aftur á aðrar ókunnugar. Dæmi um slíkar síður eru heimasíða ÍRA, og erlendar síður, t.d. “Dan's Homepage”, sem hefur tilvísanir í allar áttir, en býður mönnum enfremur upp á að tengjast síðu sinni um netið með hljóðkorti og hljóðnema og tala í gegnum einkaendurvarpa sinn í Westville, Illinois (á 443,450 MHz) að því tilskildu að viðkomandi sé með amatörleyfi.

Þriðja aðal leiðin að netinu er svo um leitarforritin sem eru þess eðlis að menn tengjast þeim um vefinn,



slá efnisorð í sérstakan reit, en þau geta verið fleiri en eitt, og síðan leitar forritið að þeim síðum sem hafa þau og skilar lista til baka með stuttum

lýsingum. Sjái menn eitthvað vænlegt í listanum er nóg að smella á það og þá skilar forritið notandanum á þann stað. Algengasta leitarforritið er sennilega Altavista, en einnig eru Webcrawler, Lychos og Yahoo mikið notuð.

### Hvað er að finna á netinu?

**Greinar** og annað lesmál eru þar í miklu magni. Þar er bæði um að ræða hverskyns fræðsluefni, handbækur og yfirlitsrit, fréttir tengdar radíói, s.s. af ýmsu félagsstarfi, uppákomum og svo náttúrlega af hverskyns tólum og tækjum. Sumar síður eru tileinkaðar sérstökum kimum, t.d. eru þeir sem nýta gerfitungl með sínar síður, pakkalds unnendur hafa sér síður og svo má lengi telja. Reyndar er magnið svo mikið að það er vandi í mörgum tilvikum að vinsa úr það sem skiptir máli fyrir mann. Þá skiptir miklu að leita markvisst og nákvæmt, það er lítið gagn í að biðja um lista yfir HAM RADIO og fá hundrað þúsund svör og þar af tíu þúsund um svínakjöt.

**Uppflettiefni** og gagnabankar af ýmsu tagi finnast á netinu. Má nefna t.d. kallmerkajaskrár, skilyrð-aspár og íhlutalista sem dæmi um slíkt. Ýmist er að notendur geti bara flett í slíkum gagnasöfnum og eins hitt að menn geti lagt inn gögn og breytt þeim sem fyrir eru, t.d. í kallmerkjaskránum.

**Spjallrásir og tölvupóstur** af öllum gerðum og gæðum er hýstur á netinu. Þar er aðallega um að ræða umræður sem fara fram á löngum tíma, þ.e. einn setur fram fyrirspurn eða fullyrðingu og síðan geta aðrir lagt orð í belg og svo koll af kolli. Þeir sem koma síðar að efninu geta þá lesið alla rununa til að ná samhengi og svo bætt við sínum athuga-

semdu. Þarna má finna efni almennt um radíó og einnig flokkað efni eftir sviðum, t.d. bara um loftnet eða QRP svo dæmi sé tekið. Þá eru ýmsar smá-auglýsingar algengar á þessum svæðum. Oftast eru þessi svæði á fyrirbærnum news sem eru ekki eins fréttatengdar rásir og nafnið gefur til kynna. Sérstakir "news"-skoðarar eru til, en einnig má slá slóðina beint inn í vefskoðara á sniðinu:

**news:rec.radio.amateur.antenna** svo dæmi sé tekið.

**Forrit** er mörg að finna á netinu, stór og smá, léleg og góð. Flest eru þau fyrir PC tölvur og Dos, slatti fyrir Windows og svo önnur stýrikerfi PC tölvanna, s.s. OS/2. Þá er alltaf eitthvað um að forrit fyrir minna algengar tölvur séu á netinu, Macintosh, Atari og Unix afbrigðin eiga t.d. sín svæði. Oftast eru forritin flokkuð eftir eðli, reikniforrit, loftnetasmíði, morse og kennsluforrit, QSLforrit og svo framvegis. Forritin á netinu eru flest frjálts til afnota fyrir amatöra, sum eru í kynningaskini og ætlast til að menn sendi nokkra dollara til höfundarins ef mönnum líkar við það og nota það og svo eru kynningarforrit sem virka að takmörkuðu leyti, en menn geta pantað fulla útgáfu ef þeim líst á gripinn. Mest er af forritum á **ftp** svæðum og eru söfn **funet** í Finnlandi og **Sintel** þau frægustu og stærstu.

**Verslanir og framleiðendur** eiga sín svæði á netinu. Þar er að finna lýsingar á framleiðslunni, verðlista og svo svæði þar sem hægt er að senda fyrirspurnir og jafnvel panta búnað og íhluti. Sumir hafa handbækurnar sem fylgja framleiðslunni á netinu, t.d. MFJ og svo eru sumir með aðgang að ítarefni um framleiðslu sína, handbækur yfir það sem hætt er að framleiða og "service manual".

### Stökkpallar:

Heimasíða ÍRA:	<a href="http://www.itn.is/~ve/ira/ira.html">http://www.itn.is/~ve/ira/ira.html</a> (hin opinbera heimasíða okkar í ÍRA)
Dan's Homepage	<a href="http://users.net66.com/~n9uwe/ham.html">http://users.net66.com/~n9uwe/ham.html</a>
VE2GMI's page	<a href="http://www.cam.org/~mboukri/hamlnks.html">http://www.cam.org/~mboukri/hamlnks.html</a>
K6XC's Homepage	<a href="http://home.earthlink.net/~rluttringer/">http://home.earthlink.net/~rluttringer/</a>
WZ1V (í Noregi)	<a href="http://www.colargol.idb.hist.no/~torav/amat2.html">http://www.colargol.idb.hist.no/~torav/amat2.html</a>
XE1BEF	<a href="http://www.geocities.com/Athens/Parthenon/4205/xe1bef.htm">http://www.geocities.com/Athens/Parthenon/4205/xe1bef.htm</a>

### Leitarforrit:

Altavista:	<a href="http://www.altavista.com">http://www.altavista.com</a>
Webcrawler:	<a href="http://www.webcrawler.com">http://www.webcrawler.com</a>

Ég vil hvetja alla sem hafa aðgang að internetinu til þess að skoða hvað þar leynist fyrir okkur amatörana. Byrjið á því að fara á einhvern stökkpallinn á heimasíðu og vafrið þaðan áfram.

Gætið bara að tímanum og símareikningnum því það er næstum eins auðvelt að gleyma sér við tölvuna á netinu eins og við radíóið.

## TF-ZL-VK skilyrði

Það er ekkert nýmæli að CQ TF vitni í erlend amatörblöð, en líklega er þetta í fyrsta sinn sem efni frá íslenskum amatör kemur þá leiðina.

Amatörfélagið á Nýja-Sjálandi gefur út blað sem kallast "Break-In". Þar er reglulegur DX-dáلكur sem Ron Wills, ZL2TT, sér um. Hann segir í aprílhefti þessa árs: "Ég hef verið að leitast við, með tölvu-pósti, að koma á 20 metra sambandi við TF, þar sem það yrði nýtt land fyrir mig. Ég fékk mjög áhugavert svar frá Villa, TF3DX, sem fer hér á eftir."

Síðan er vitnað í TF3DX, svohljóðandi stytt og í lauslegri þýðingu:

"Ísland er beint undir norðurljósabeltinu, jafnvel þegar það er sem mjóst á ótrufluðum dögum. Jónunin í norðurljósunum hefur deyfandi áhrif líkt og í D-laginu, mjög vaxandi með lækkanði tíðni. DX-sambönd á 80 og 160 metrum er því mjög erfið. Hér á 64° breiddargráðu er auk þess MUF venjulega mun lægra en nær miðbaug, svo oft eru 20 metrarnir eina nothæfa bandið. Á trufluðum dögum erum við viðkvæmari en aðrir, lítilsháttar afturkippur í skilyrðum á meginlandi Evrópu getur þýtt "black-out" fyrir okkur. Allir íslenskir amatörar þekkja það hvernig aðrir amatörar í Evrópu eru í samböndum við ZL og aðrar Kyrrahafsstöðvar "sem aldrei heyrast hér".

Þegar Siggi, TF3CW, fór til Banaba sem T33R/T33T seint á árinu 1990 var ég búinn að koma mér fyrir til frambúðar, og það ýtti við mér að koma aftur í loftið. Ég gat sett upp 100 metra langan vör í góða stefnu á Kyrrahafið, náði sambandi við Sigga


og ánetjaðist DX aftur.

Snemma á árinu 1991 varð ég var við að mikið heyrðist af ZL og VK stöðvum, það þurfti aðeins að vita rétta tímann. ZL kom inn lengri leiðna (long path) klukkan 5-6 UTC og styttri leiðina (short path) klukkan 6-8 UTC. Merkið sem kom styttri leiðina var venjulega sterkara, og var það gott að QRP og 2xQRP sambönd voru möguleg. Ég hafði meira að segja sambönd við 10 ZL stöðvar með 230 mW smásendi sem ég smíðaði í eldspýtustökk. Ég fór að hafa "skedda", sem enn standa yfir við Eddie, ZL1TG. Okkur langar til að sjá áhrif sólblettalotunnar á skilyrðin milli ZL og TF, þannig að samband sem ekki næst er einnig áhugaverð niðurstaða. Þegar sólblettirnir voru ennþá uppi náðum við saman meira og minna allt árið, besti tíminn var á vorin hjá okkur en desember sá versti að ég held. Þegar sólblettirnir minnkuðu urðu dimmu mánuðirnir dauðir.

"Ég held að jónunarleysi vegna myrkurs hér uppi ásamt skorti á sólgosum núna sé ástæðan. 20 metra bandið einfaldlega kemur og fer með dagsbirtunni, er algerlega dautt á nóttunni."

Síðan þetta er skrifað hefur 3. sumarið með lítilli virkni sólar bæst við, og að sögn Villa hefur þetta alveg gengið eftir. Sambönd við ZL á 20 m virðast jafnáreiðanleg og sambönd upp á Kjalarnes á 80 m! Þetta ástand virðist vara í um það bil 4 mánuði. Hann fjallar nánar um árangur sumarsins í DX-horni þessa tölublaðs.

73, de TF5BW



## QSL upplýsingar á geisladiski

Til margra ára hefur Theuberger Verlag í Þýskalandi gefið út í bókarformi "QSL Routes World Annual of QSL Managers". Nú eru þessar upplýsingar einnig fánlegar á geisladiski.

Í september hefti RADCOM er þessi diskur valinn "This Month's Disk Choice" og fær mjög góða dóma. Á honum eru yfir 85 þúsund kallmerki. Greinarhöfundur (G3PMR) segist hafa prófað nokkur erfið kallmerki og fengið upplýsingar um þau öll nema eitt. Diskurinn kostar 40.00 Þýsk mörk. Heimilisfang útgefanda er: Theuberger Verlag GMBH, P.O. Box 73, D-10122, Berlin, Germany, E-Mail [funkamateur@compuserve.com](mailto:funkamateur@compuserve.com)



## CW

Haustið 1966 “hvað segir þú Smári ertu búinn að ná prófinu?” “já ég verð að fara að drífa í þessu líka, Smári að losa mig við þetta T”. Ég var svo sem búinn að ætla mér að taka HF leyfið um svipað leiti og Smári en fann aldrei tíma til að læra.

Jæja nú er best að drífa í þessu, fyrst Smári getur þetta og allir aðrir þá hlít ég að geta þetta líka, eða hvað?

Hálf gekk mér þetta brösuglega en smá þokaðist þó í rétta átt og þegar ég var kominn í 30 stafa hraða var ég að íhuga að taka nýliðann. “Nei þetta er ekki nógu gott” hugsaði ég með mér “þá get ég ekki notað loftnetið mitt TH6DXX” ég verð að taka A leyfið!

Hægt og sígandi þokaðist ég upp í 80 stafi, “jæja nú dríf ég í þessu”

Í júní 1977 fór ég í próf en FÉLL. Sennilega vegna þess að ég var alveg viss um að ég félli. Sem sagt vitlaust hugarfar.

21. ágúst 1997. Ég skal ég skal, þetta voru orðin sem ég tuldraði fyrir munni mér á leið til Reykjavíkur, nú var ég kominn í 100 stafa hraða á tölvunni, og var á leiðinni í prófið.

“Er Stefán við” spurði ég dömuna “já augnablik” sagði hún. Augnablikið varð að eilífið, en Stefán var með allt klárt eftir 5 mínútur og þá byrjaði ég að titra. “Viltu ekki kaffi?” spurði hann og brosti (alltaf jafn indæll). “Jú kannski smá dropa takk”. Það byrjaði hálf illa fannst mér, en ég var bara orðinn nokkuð öruggur þegar kom að tölustöfunum.

“Ég er viss um að þetta tekst hjá mér næst” sagði ég við Stefán. “Bíddu hægur góurinn” sagði Stefán, og hvarf út með blaðið mitt. Ég gekk út á tröppur og góndi á loftnetsturnana sem voru allt um kring.

“ábyggilega fín skilyrði núna” hugsaði ég með mér, “vildi að ég hefði þennan upp við hús hjá mér” hugsaði ég og horfði á 50 metra háann turn, “ætli bímið yrði ekki hálf lítið uppi á honum”.

“Guðlaugur!” heyrðist kallað að innan, og ég flýtti mér inn. Stefán var eitthvað að fást við morse lykil “kanntu ekki eitthvað á þetta” spurði hann. Ég gerði mitt besta “ég ruglast sundum á H og S” sagði ég vandræðalega. “Jæja gerir þú það, heyrðu annars þetta er ágætt hjá þér” sagði hann. Ég varð

ábyggilega eins og spurningarmerki í framan, þá sagði hann “þú hefur náð prófinu!”. Ekki ætla ég að lýsa gleði minni hér, því þá þyrfti sennilega að gefa út auka-bláð.

Mánudagur 25 ágúst. Græna ljósið fékkst loksins frá Fjarskiptaefirlitinu, “þér er óhætt að byrja núna á fullu”

sagði hann, “ja ætli ég fari nú ekki bara rólega af stað” svaraði ég. Ótrúlega rólegur var ég allan seinni partinn og yfir fór jarðsambönd og fleira, ég ætlaði nefnilega að hafa fyrsta sambandið við vin minn Smára TF8SM.

Ég hringdi í hann eftir kvöldmatinn “jæja Smári eigum við að prófa einhversstaðar þér sem enginn heyrir í okkur” spurði ég “komdu á 28.030 ég verð þar eftir cirka korter”. Ég settist við gömlu FT 707-una og stillti á 10 metrana, en hvað var nú þetta? SM3VDX cq cq de SM3VDX k. Ég svitnaði, SM3VDX de TF8GX k, TF8GX de SM3VDX tnx fr call dr om ur rst is 579, einhvern veginn tókst mér að klára þetta fyrsta qso mitt og svo næsta við Smára, þau urðu 8 þetta fyrsta kvöld.

Tveimur mánuðum síðar voru þau orðin yfir 500 og 52 ný lönd voru kominn í logginn.

Framhald á síðu 14



## Loftnet fyrir endurvarpann Tóta

Það var á stjórnarfundum um miðjan ágúst að það kom til tals að ef endurvarpi sá er til stendur að koma upp á Vaðlaheiði, yrði tilbúinn einhvern tíma á næstu mánuðum, þyrfti að vera búíð að setja upp loftnet og koma kapli í jörð áður en færi að snjóa og frost væri komið í jörð. Guðjóni, TF3WOT, var fengin umsjón með verkinu, svo sem útvegum efnis og mannskaps í verkið. Sett var stefna á að verkið yrði framkvæmt helgina 30. og 31. ágúst.

Guðjón hafði samband við TF3KET, Konráð og TF3HKT, Hauk varðandi smíði á svokölluðum “slimma” sem þeir fóstbræður hafa verið iðnir við að smíða og hafa margsannað sig við þá veðráttu sem við búum við. Eins og við mátti búast tóku þeir vel í málið og hófust þeir þegar handa og ávöxturinn var ekki lengi að líta dagsins ljós. Auk þessa smíðuðu þeir einnig úr vinkil jární festingar fyrir loftnetið á tréstauro þann sem leyfi hafði fengist fyrir að setja loftnetið á.

Það var svo u.þ.b. viku áður en fara átti norður, að við Guðjón fórum að huga að hverjir væru líklegir til að slást í hópinn, svo og á hvaða bílum skyldi farið. Að endingu varð úr að fararskjótarnir yrðu tveir Hilux-jeppar, annar í eigu undirritaðs og hinn í eigu Guðjóns, svo og var farið á bíl Hauks TF3HKT. Úr varð að eftirfarandi amatórar færu í ferðina í viðbót við þá sem fyrr eru upptaldir: Jóhanna TF3JKT, Konráð TF3KET, Heimir TF3TXT, Rúnar TF3RJT og Vilhjálmur TF3VST.

Um kl. 19.30 föstudaginn 29.ágúst var svo lagt í hann úr bænum áleiðis norður. Haukur og Konráð voru saman í bíl Hauks, með mér voru Heimir, Rúnar og Vilhjálmur og með Guðjóni var hans ektakvinna Jóhanna. Þá má ekki gleyma að Haraldur, betur þekktur sem TF3HP fékk að vera okkur samferða í Vatnaskóg og var ætlun hans að eyða helginni þar og biðja fyrir okkur norðurförum í kapellu þeirra KFUM manna þar.

Ferðin norður yfir heiðar gekk áfallalaust fyrir sig þrátt fyrir rigningu og hvassviðri stóran hluta leiðarinnar. Voru 2ja metra stöðvarnar notaðar óspart til að koma á framfæri skondnum athugasemdum á milli bíla, en mestur hluti þessa samræðna varð á milli jeppanna tveggja þar sem Pusjónn hans Hauks reyndist vera örllítið hraðskreiðari, enda var ætlunin að þeir kæmu norður á undan okkur hinum

til að nálgast lykla af næturstaðnum sem þeir höfðu útvegað.

Næst vikur sögunni að því að við komum á Akureyri um kl. 01.30 að morgni laugardags og voru þeir framverðir þá þegar komnir fyrir góðri stundu síðan í gististaðinn sem reyndist vera skátaheimilið í kjallara Glerárkirkju. Var gert góðlátlegt grín að því að við hefðum fengið heila kirkju en formaður vor, aðeins litla kapellu.

Stuttu eftir komu gekk fólk til náða enda þreytt eftir langt ferðalag að loknum vinnudegi.

Brynjólfur, TF5BW, hafði boðið öllum hópnum í morgunverð kl. 08.00 á laugardagsmorguninn og voru allir komnir á fætur á þeim tíma fullir eftirvæntingar. Og ég held ég segi rétt frá að við höfum ekki orðið fyrir vonbrigðum með gestrisnina á heimili Billa. Nóg af öllum tegundum af orkuríku brauði og öllu því sem sem almennur verkamaður þarfnast í upphafi vinnudags.

Þegar allir voru orðnir mettir voru sótt þau verkfæri sem Billi hafði útvegað í viðbót við það sem við komum með okkur að sunnan.

Þá var lagt í hann á fjallið. Heldur var nú kalsalegt þennan morgun, hiti var um 3 gráður og hafði gránað í fjöll. Þegar komið var að hliði á fjallinu varð að skilja fólksbílinn eftir og flytja bæði dót og mannskap upp í fjórhljadrifsbílunum þar sem bannað er að fara upp síðustu brekkuna á einsdrifs bílum.

Loks vorum við komnir á áfangastað. Jóhanna varð eftir á Akureyri, en Billi bættist í hópinn og vorum við því 8 sem fórum upp. Grátt var við jörð og talsverð ísing hafði verið um nóttina og fengum við ýmsar útgáfur af veðri þarna yfir daginn. Má nefna snjókomu, þoku, ísingu, sólskin og einnig smá vott af rigningu.

Eftir nokkrar bollaleggingar um hvernig skyldi háttað lagningu kapalsins frá húsi því er endurvarpinn verður settur upp í, og að loftnetsstaurnum var ákveðið að nota plaströrið sem við komum með okkur og draga í það tvo coax-kapla. Annan alveg uppí loftnet, en hinn að staurnum ef við skyldum þurfa að nota hann síðar. Það kom í hlut þeirra Hauks og Heimis að koma loftnetinu fyrir uppí tréstaurnum, enda voru þar á ferðinni þaulvanir “stauraprílarar”, bæði fyrrverandi og núverandi. Satt að segja öfundaði ég þá ekki af dvölinni þarna uppi í staurnum en þeir eru víst orðnir öllu vanir. Menn

Framhald á síðu 14

# Frá uppsetningunni Myndirnar tók TF5BW



## Gerðu þínar eigin prentplötur

Það er ekki eins erfitt og margir halda að gera sínar eigin prentplötur. Það er þó ýmislegt sem þarf að útvega sér eða finna í fórum sínum. Það helsta er prentplata auðvitað, ætiefni, straujárn og góða skapið (því þetta gæti misheppnast í fyrstu tilraun). Einnig þarf sérstakar glærur sem mynstrið er prentað á og til þess þarf aðgang að tölvu og helst laserprentara en góður nálarprentari gæti dugað.

Það fyrsta á verkefnalista er að hanna rásina og teikna hana með einhverju teikniforriti í tölvu. Það er jafnvel hægt að skanna rásina beint upp úr tímaritum ef menn eiga þannig tól. Þegar hún er komin í tölvuna verða allar breytingar á rásinni fljótlegar og þægilegar.

Þegar hönnuninni er lokið er komið að því að prenta rásina á sérstaka glæru sem, að ég held, verði að panta að utan. Reyndar hef ég heyrt um nýja tækni sem notar pappír en ekki glærur en ég hef ekki kynnst henni. Dæmi um fyrirtæki sem framleiða þess konar glærur (og pappír) gef ég í lok greinarinnar. Stilla skal prentarann á sem mestan þéttleika því það gefur betri niðurstöður. Það er einmitt tónerinn í prentaranum sem notaður er til að hlífa koparum þegar komið er að ætingu. Ef prentarinn ykkar ræður ekki við að prenta á glærur má prenta á venjulegan pappír fyrst og ljósrita mynstrið á glæruna.

Nú er komið að erfiðasta hlutanum, færa mynstrið yfir á prentplötuna en æfingin skapar meistarann í þessu eins og öðru. Mjög mikilvægt atriði er að prentplatan verður að vera algjörlega hrein. Gott er að þússa hana með fínum sandpappír (400-800) og fjarlægja öll fingraför og fitu með spíra. Gæta skal þess að hún sé alveg þurr áður en færslan á sér stað. Við að færa mynstrið yfir á koparinn er hægt að nota a.m.k. tvær aðferðir. Ég ráðlegg mönnum að prófa sig áfram og athuga hvaða aðferð hentar þeim best. Önnur aðferðin er þannig að glæran er lögð á prentplötuna, tónerinn niður auðvitað, og straujárn lagt ofaná með nokkrum þrýsting. Sumir leggja klút á milli straujárnsins og glærunnar. Straujárnið skal vera stillt á bómul, sem er oftast hæsta stilling (enga gufu, takk). Við hitann bráðnar tónerinn og færir yfir á koparinn. Önnur aðferð er að hita koparinn fyrst og leggja glæruna á heitan koparinn. Þá þarf nú samt að leggja straujárnið ofaná eftir það og

þrýsta á. Sú aðferð er betri ef fínar línur eru í rásinni. Einnig væri hægt að nota t.d. botninn á tilraunaglassi til að þrýsta á mynstrið en halda verður koparum heitum. Þá er ágætt að hafa hann ofaná heitri hellu. Ég ráðlegg byrjendum að vera með hanska til að hlífa höndunum við óþægilegum brunasárum. Ekki skal fjarlægja glæruna fyrr en platan hefur kólnað.

Eftir þessar aðfarir ætti mynstrið að vera komið nokkurn veginn yfir á koparinn. Ef einhver göt eru í mynstrinu er ágætt að lita yfir þær með vatnsheldum túss. Erfitt er að búa til mynstur með mjórri línunum en 2 mm því þær vilja eyðast í ætingunni.

Ýmis efni eru til að æta burt þann kopar sem ekki er varinn með tóner. Þar má nefna natríumpersúlfat og koparsúlfat. Þessi efni eru flest öll þynnt út með vatni og ég bendi ykkur á að fá leiðbeiningar með þeim um blönduna og hversu mikið má hita þau. Til að fá hraðari ætingu er gott að hita lausnina, hafa hana um 30-50 gráðu heita en það fer að sjálfsögðu eftir því hvaða efni eru notuð. Einnig er nauðsynlegt að hafa stöðuga hreifingu á vökvanum og hægt að nota t.d. loftbólur til þess eða einhverskonar hristara. Það er mikilvægt að ætingin taki sem allra skemmstan tíma því þá verða allar línur skarpari og mjóar línur ætast ekki burt. Ætingin ætti ekki að taka lengri tíma en um 15 til 20 mínútur. Athugið að nota nógu mikla blöndu af ætiefninu svo að hún mettist ekki. Þumalfingursregla er að nota um 5ml á hvern fersentimetra sem æta á í burtu.

Ef þið hafið komist þetta langt er ekkert eftir nema hreinsa tónerinn af koparum sem eftir er. Til þess er ágætt að nota acetón eða sambærileg efni. Þá er ekkert eftir nema bora fyrir íhlutum, lóða og rásin er tilbúin.

Framleiðendur á glærum og þess háttar eru t.d.:

DynaArt Designs  
3535 Stillmeadow Lane  
Lancaster, California 93536-6624  
Phone: (805) 943-4746  
FAX: (805) 943-3776

## Fundargerð félagsfundar 12.10.1997

Þann 12. október 1997, kl. 13.45, hófst almennur félagsfundur ÍRA, í Þróttheimum við Holtaveg. Á auglýstri dagskrá var umræðuefnið Reglugerðarmál.

Á fundinn voru eftirtaldir mættir samkvæmt gestabók fundarins: Halldór TF3GC, Rúnar TF3RJT, Kristþór TF3TF, Smári TF8SM, Bjarni TF3BM, Kristján TF3KM, Gunnar TF3FB, Reidar TF8-004, Ásbjörn TF3LA, Vilhjálmur TF3VST, Ágúst TF3AGN, Stefán TF3-029, Óskar TF3DC, Brynjólfur TF5BW, Friðrik TF3FK, Konráð TF3KET, Robert TF3RBT, Guðjón TF3WOT, Sveinbjörn TF3VET, Ársæll TF3AOT, Vilhjálmur TF3DX, Heimir TF3TXT, Haraldur TF3HP og Ólafur TF3MXN.

Lagt var til í upphafi að fundarstjóri yrði TF3WOT og fundarritari TF3AOT. Formaður félagsins, TF3HP, hóf fundinn og í inngangi sínum lagði hann til að skipuð yrði 3-4 manna nefnd til að yfirfara Reglugerð um radióleyfi áhugamanna, og koma með úrbætur í nafni félagsins. Þá sagði TF3HP frá að heimsótt hefði okkur, fulltrúi IARU á CEPT ráðstefnu sem haldin var í Reykjavík fyrir skemmstu. Hafði sá ágæti maður, John Bazley G3HCT, sagt frá því að á IARU ráðstefnu í Ísrael, hefði verið naumlega fellt að Morse yrði gert að kröfu til fjarskiptaleyfis áhugamanna. Gerði hann jafnvel ráð fyrir því að Morsíð yrði undir á næstu ráðstefnu IARU, árið 1999. TF3HP gerði grein fyrir því að stjórn félagsins hefði ekki neinar tillögur í þessum málum, en fundurinn væri haldinn til að “þreifa á púlsinum”. Haraldur fór vítt og breitt í ræðu sinni og gaf dæmi um hvernig hlutirnir gætu orðið. Næstur tók til máls TF3TF og sagði að stjórnin hefði ekki kynnt sér reglurnar nógu vel og engin þörf væri á að breyta þeim reglum sem við hefðum í dag. TF3HP tók aftur til máls og ítrekaði að þetta væri aðeins almenn umræða um hvort ástæða væri til að breyta reglum. TF3TF tók þá aftur til máls og gerði nánari skil á máli sínu. TF3GC bað um orðið og talaði um að ástæða væri til að málin væru rædd í bróðerni og bætti við að þörf væri á nefnd í málið. TF3BM sagði að reglum mætti breyta enda hefði hann ásamt öðrum komið með tillögur til stjórnar fyrir nokkrum árum að endurbótum, en málið hefði sofnað. Bjarni bætti við að rík ástæða væri til að stofnuð yrði nefnd um málið.

Þá tók TF3AOT til máls og sagðist sekur um að hafa sent út fundarboðið, en texti þess hefði verið til að hvetja menn til að mæta á fundinn. Auðsjáanlega hefði það borið einhvern árangur, því það virtist alla vega hafa kveikt í mönnum. TF5BW sagði að fundarefnið væri Reglur um radióleyfi áhugamanna, en ekki reglur ÍRA eins og ákveðnir fundarmenn héldu. Brynjólfur var meðmæltur því að breytinga væri þörf. TF3TF sagði að breytingar mættu bíða í 3-4 ár í viðbót, þar sem Evrópa væri ekki búin að breyta sínum reglum. TF3HP þótti enn aftur ástæða til að koma því fram að þetta væri almennur fundur og alls ekki væri um neina stefnumótun af hálfu stjórnar að ræða. Fundurinn væri til að félagsmenn gætu viðrað hugmyndir sínar. TF3DX, sem þá var nýkominn á fundinn, talaði um að 1991 hefðu TF3BM og fleiri lagt fram reglugerðarbreytingar, en á þeim tíma hefði Fjarskiptaefirlit Ríkisins ekki verið tilbúið til viðræðna. Vilhjálmur sagði einnig að við yrðum að falla að reglum sem væru í gildi í Evrópu. TF5BW minntist á 6 metra bandið heyrði ekki undir CEPT leyfi. Þá tók TF3RJT til máls og sagðist ekki tilheyrja þeim hópi manna sem vildi fella niður Morse til amatörprófs, en hann vildi liðka til og minnka kröfur um Morse-hraða. TF3KET vitnaði í fundarboð og sagði að e.t.v. væri ekki þörf á að gera 10 metrana að T-leyfis bandi. Eftir nokkurt orðaskak á milli TF3TF og TF3KET, yfirgaf Konráð fundinn. TF3DC tók til máls og lagði til að prófnefnd yrði fengin til að leggja fram tillögur til breytinga. Las Óskar upp 4. grein í þessu samhengi.

Eftir kaffihlé tók TF3DX til máls. Sagði Vilhjálmur að margir hlutir í reglugerðinni væru orðnir úreltir. T.d. minntist hann á smíðapróf. Værum við eina landið, fyrir utan Rússa, sem væri með smíðapróf sem kröfu. Varðandi afl, þá væri þörf á að samræma við það sem er í gildi víða erlendis. Álit á smíðaprófinu kom frá ýmsum og voru menn bæði með og á móti. TF3DX sagði að frá því að nýliðastarf hafi legið niðri s.l. 6 ár, en meiri vinna hefði verið lögð í A/T próf. Það hefði verið unnið í góðu samstarfi við Fjarskiptaefirlitið. TF3HP minntist á “Elmer” ákvæði í norsku reglugerðinni. Þá talaði Haraldur um að eitthvað þyrfti að gera til að gera radiómennskuna áhugaverðari. TF3DX lýsti störfum prófnefndar og sagði frá að nú væri laus

**Loftnet fyrir Tóta frh.**

voru nú ekki að vinna eins og þetta væri “akkorð”, enda ekki ástæða til, og svo var nú kaupíð líka frekar lágt. Tóku menn góðan tíma til að spjalla um tómstundagamanið og skiptast á sögum og gríni. Verðið þið lesendur hér, af því gamni, við ferðalangar höldum því fyrir okkur.

Nú þegar búið var að koma loftnetinu fyrir, var farið að prófa. Gekk vel að ná sambandi við Jóhönnu á Akureyri, enda sjónlína. Þá kom það okkur mjög á óvart að á 25 vöttum náðum við að lykka endurvarpa Almannafrétt Ríkisins á Steingrímsfjarðarheiði. Til að fullvissa okkur um hvort þetta væri virkilega fyrrgreindur endurvarpi hringdum við í lögregluna í Stykkishólmi og báðum þá að hlusta eftir okkur. Og ekki var um villst, þetta var raunin.

Eftir að hafa gengið frá öllu eins og við höfðum komið að því héldum við til baka til Akureyrar og var þá klukkan rétt rúmlega 18.00.

Varð úr að allur mannskapurinn, nema Billi, færi suður þá um kvöldið. Þegar við höfðum tekið saman föggur okkar fór allur hópurinn saman á hamborgarastað og varð úr að ÍRA “splæsti” hamborgara með öllu á mannskapinn.

Uppúr kl. 20 yfirgáfum við svo höfuðstað Norðurlands og vorum við sem fórum alla leið suður komnir til Reykjavíkur um kl. 02 á sunnudagsmorgni.

Að lokum vil ég fyrir mína hönd þakka samferðafólkinu fyrir ánægjulega og skemmtilega ferð. Billa vil ég þakka fyrir móttökurnar og samvinnuna. Vonandi megum við njóta góðs af endurvarpanum þegar næsta sumar, en núna um þetta leyti þegar þetta er skrifað, 7.nóv., er verið að koma fyrir radióvita þeim, er var staðsettur á Búrfelli, upp á Vaðlaheiði.

73 TF3AOT Sæli

**CW frh.**

Að lokum vil ég nota tækifærið og þakka þeim sem hafa leitt mig í gegnum CW þokuna. Strákana í TF3BIS sem tölvuvæddu mig með super-morsi, TF8SM sem reglulega trekkti mig upp og TF3HP og TF3AOT voru ávalt reiðubúnir.

73 de TF8GX

**Prentplötur frh.**

The Meadowlake Corporation  
P.O. Box 497  
Northport, NY 11768  
tel: 516-757-3385

Grein þessa skrifaði Guðmundur Páll Magnússon tölvuverkfræðinemi við Háskóla Íslands og kann CQ TF honum bestu þakkir fyrir.

**Fundargerð félagsfundar frh.**

ein staða í nefndinni. TF3GC sagði frá reynslu sinni sem N-leyfismaður, og sagði það að það væri tilvalið fyrir þá sem væru T-leyfismenn, að taka leyfið til að komast af stað í Morse-inu á HF böndunum. Þá kom TF3TF með þá tillögu að samþykkt yrði að prófnefnd tæki að sér að endurskoða reglugerðina. Það upplýstist að prófnefnd samanstendur af: TF3DX, TF3KB, TF3KX og TF3LG. TF3HP lagði til að kosin yrði nefnd, en ekki væri nauðsynlegt að prófnefnd tæki við þessu. TF8SM spurði hvaða endurnýjun hafi átt sér stað í prófnefnd. TF3DX ítrekaði að ein staða væri laus í prófnefndinni og væri áhugi á því að fá mann í nefndina, sem ekki væri starfandi í kringum radió dags daglega. TF5BW talaði um að prófnefnd tæki að sér reglugerðarmálin og kæmi með tillögur um breytingar sem svo aftur yrðu ræddar á félagsfundi. TF3DX spurði TF8SM hvort hann væri tilbúinn til að gefa kost á sér í nefndina. Játta Smári því. Vísaði þá TF3DX því til stjórnar hvort hún samþykkti Smára til starfa í nefndinni. Þá var gengið til leynilegra kosninga um þær tillögur sem lágu fyrir. Þar sem tillaga Óskars TF3DC gekk lengst var hún tekin fyrir. Tillaga hans hljómar svo:

Nefnd til endurskoðunar á breytingum við Reglugerð um radióleyfi áhugamann, verði skipuð prófnefndarmönnum. Var tillagan samþykkt með 13 atkvæðum gegn 5, og var einn seðill auður. Telst því tillaga Óskars því samþykkt og var TF3DX, prófnefndarformanni falið að ræða við nefndarmenn hvort þeir væru tilbúnir til starfans.

Fundi var slitið kl. 16.10

Fundargerði ritaði TF3AOT

***CQWW DX CW 1997 Keppnin***  
**Nánar verður sagt frá þátttöku TF3IRA og okkar ágætu gesta í næsta blaði**

## Úr Ýmsum áttum

### Þekkir einhver þessa menn

Allir muna eftir myndinni sem var á baksíðu síðasta blaðs þar sem beðið var um upplýsingar um hverjir mennirnir væru. Það leið ekki á löngu þar til Þorkell Gunnarsson TF3AA sendi okkur eftirfarandi. Sá til vinstri er Haraldur Sigurðsson TF3HS, nú TF3A. Næst kemur Sigurður Finnbogason TF3SF. Sá þriðji er fyrrum vinnufélagi minn á Radióverkstæði Landssímans Magnús Blöndal TF3MB. Sá fjórði er Ásgeir Magnússon TF3AB, hann bjó á Vesturgötu 54 og mér sýnist að myndinn sé tekin þar. CQ TF kann Þorkeli bestu þakkar fyrir veittar upplýsingar

### DX Bulletin með E-Mail

Nú er hægt að fá DX fréttir í tölvupósti. "The Daily DX" sem ritstýrt er af Bernie McClenny, W3UR kemur út í 50 vikur á ári frá mánudegi til föstudags. Herlegheitin kosta 28.00 dollara fyrir hálfis árs áskrift og 49.00 dollara fyrir eins árs áskrift. Á heimasíðu Bernie's er að finna allar nánari upplýsingar ásamt sýnishorni af blaðinu.

Slóðin er <http://www.wdn.com/thedailydx>.

Heimild Worldradio.

### Gamalt

Ágæti félagi.

Með þessu fréttabréfi "Íslenskra radióamatöra" er hafinn nýr þáttur í útgáfustarfsemi félagsins, sem vonast er til að beri tilætlaðan árangur. Á nýafstöðnum aðalfundi Í.R.A. kom fram nokkur gagnrýni á sambandsleysi milli almennra félaga og stjórnarinnar, en þessi gagnrýni hefur reyndar heyrzt alloft á undanförunum árum. Einkum þótti sýnt að félagar úti um land væru afskiptir. Því hefur verið ákveðið að reyna að halda þessu fréttabréfi gangandi mánaðarlega með ýmsum minniháttar fréttum, tilkynningum, og öðru sem til fellur, en sjálfu blaði félagsins "CQ-TF" verði enn haldið úti í vandaðra formi og með meiri háttar greinum o.fl. undir ritstjórn Jónasar Bjarnasonar, TF3JB.

Öllum hlýtur að vera ljóst, að útgáfa sem þessi stendur og fellur með þátttöku félaga, sem ég hvet til að senda bréfinu línur. Athugasemdir um útgáfuna, frásagnir af athyglisverðum samböndum í loftinu og skilyrðum, auglýsingar, minniháttar teikningar og tækjabreytingar, jafnvel stuttar gamansögur og að ekki sé minnzt á kveðskap, allt þetta og meira til væri kærkomið. Þá væri okkur

mikill akkur í að heyra frá félögum úti um land og þeim fjölmörgu sem aldrei sjást á fundum félagsins, en greiða þó félagsgjaldið samvизkusamlega ár eftir ár.

Með von um góða samvinnu, 73&88. TF3KX.

Heimild Fréttabréf ÍRA 1. Árg. 1. Tbl. 1979.

Með þessum orðum fylgdi Kristinn Andersen TF3KX úr hlaði útgáfu á fréttabréfi ÍRA sem kom fyrst út í mars 1979. Undir hans ritstjórn kom þetta fréttabréf út í nærri eitt og hálf ár. Margt af því sem hann segir þarna á við enn í dag þó liðin séu nærri 20 ár.

TF5BW

### PC tölva sem breiðbandsmóttakari



Nú getur þú breytt PC tölvunni þinni í móttakara með nýja IC-PCR1000 móttakaranum frá ICOM. Þetta er svartur kassi með útdraganlegu loftneti sem tengist við tölvuna og gefur þér kost á fjölmótunar (CW, SSB, AM, FM, WFM) möguleikum. Þú sérð enga takka heldur er lyklaborð og mús tölvunnar notað til að stjórna möguleikum móttakarans. Tíðnisviðið er frá 100Khz til 1300MHz og notar "Icom's Direct Digital Synthesizer" sem gefur möguleika á stillingu upp á 1hz. PCR1000 hefur CTCSS "tone decoder" og mun hafa verið sýndur í fyrsta skipti á Leicester sýningunni í Bretlandi 17. Október.

Heimild RadCom

### Nokkrar Internetslóðir fyrir QRP áhugamenn

<http://ourworld.compuServe.com/homepages/g4wif/gqrp.htm>

<http://www.barville.demon.co.uk/qrpinfo.htm>

[Http://www.gqrpclub.demon.co.uk](http://www.gqrpclub.demon.co.uk)

Heimild RadCom

## Glæsilegur hópur amatöra en hverjir eru þetta?



Myndin hér að ofan er frá starfrækslu TF30IRA í Þjórsárdal í tilefni 30 ára afmælis félagsins 1976.

Þessi mynd er tekin úr CQ TF Fréttabréfi 1/1986. Því miður kemur ekki fram þar hverjir þetta eru. Ritstjóri þekkir nokkra svo sem TF3JB, TF3UA og TF3KX en ekki alla og eru allar upplýsingar um heiti og kallmerki vel þegnar.

**CQ TF kemur næst út í byrjun febrúar á næsta ári og efni í það blað þarf að hafa borist til ritstjóra fyrir 15. janúar 1998.**

73's de TF5BW



# CQ TF

**ER FÉLAGSBLAÐ ÍSLENSKRA RADÍÓAMATÖRA**

**YAESU**